

VESTURLANDSDEILD, sími 93-7197

Unnið fyrir
landeigendur
við Súluá


SÚLUÁ Í MELASVEIT
AÐSTAÐA TIL HAFBEITAR

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

Eintak bókasafns. 1987.

Veiðimálastofnun.

VMST-V/87006



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

Borgarnesi, febrúar 1987

VMST-V/87006

SÚLUA Í MELASVEIT

ADSTADA TIL HAFBEITAR

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir stuttri athugun sem fram fór í Súluá í Melasveit þann 21. október 1986. Athugunin var unnin að beiðni landeigenda og var helsta markmiðið að skoða þau skilyrði sem áin hefði með tilliti til hafbeitar á laxi. Engar rannsóknir hafa áður farið fram á ánni.

2. STADHETTIR

Súluá er örstutt á, um 4 km að lengd (Mynd 1) sem á upptök sín í Fiskilækjarvatni. Áin er lítil og er að jafnaði 1-2 m að breidd. Vatn í ánni er þó jafnt og þrýtur aldrei. Áin nefnist Fiskilækur að ofanverðu, en skiptir um nafn að neðanverðu. Súluá rennur svo til sjávar utanvert í Leirár- voga skammt frá Súluáeyri. Áin tilheyrir ósasvæði Laxár í Leirársveit en á svæðið falla margar ár og lækir t.d. Leirá, Urriðaa sem er uppruninn úr Eiðisvatni og Geldingaa.

3. ADSTADA TIL HAFBEITAR

Við hafbeitt á laxi þarf í aðalatriðum aðstöðu til sleppinga á gönguseiðum og móttökuaðstöðu til að fanga fullorðinn lax er hann snýr til baka á sleppistað 1-2 árum síðar. Verður nú fjallað nánar um þessi atriði.


3.1 ADSTADA TIL SLEPPINGA OG ADLÖGUNAR

Við sleppingar á gönguseiðum er aðallega beitt tveim aðferðum, þ.e. aðlögun í sleppitjörnum og flotkvíum. Seiðin eru þá fóðruð í a.m.k. mánuð fyrir sleppingu. Aðstaðan við Súluá hvað þetta snertir virðist mjög góð. Þannig háttar til að ósinn er tiltölulega þröngur og mætti með tilliti til kostnaðar byggja garð ca. 1-2 m á hæð sem lokaði ósnum og myndi þá myndast lítið lón fyrir innan sem væri hentugt fyrir sleppingar úr flotkvíum. Einnig hefur þetta þann kost að seiðin geta aðlagast seltu, en það hefur stundum reynst hafa jákvæð áhrif á endurheimtur.

3.2 ADSTADA TIL MÖTTOKU

Ljóst er að vatnsmagn Súluár er lítið. Reynslan hefur þó sýnt að hægt er að stunda hafbeitt án mikils vatnsmagns, en erfitt er þó að selja skýr mörk. Talið er þó að lágmark sé um 300 sekúndulítrar (Arni Ísaksson). Vatnsmagn Súluár hefur ekki verið mælt, en þó greinilega í lægri kantinum. Vatnsmagnið eitt sér skiptir þó ekki alltaf öllu máli, heldur hvernig fiskur hagar sér í göngu t.d. gengur lax ætíð treglega í þurrkatið. Einnig mætti byggja upp góða móttökuaðstöðu ef byggður yrði garði þvert yfir ósinn og ætti þá móttaka ekki að valda verulegum vandamálum.

MYND 1:
KORT AF SULUA I MELASVEIT OG NÆSTA NAGRENNI



3.3 ONNUR SKILYRÐI

Ymis fleiri atriði skipta einnig máli. Talið er að gott aðdýpi stuðli að því að kynþroska lax gangi upp í ána. Einnig kemur slíkt seiðum til góða er þau ganga í sjó, með tilliti til affalla af völdum afræningja t.d. fugls. Súluá fellur utarlega í Leirvogsa og ætti því að vera stutt í dýpri sjó.

Hafbeitarskilyrði eru misjöfn eftir landshlutum. Þannig hafa endurheimtur reynst bestar í nágrenni hlýsjávar, þ.e. frá Reykjanesi að Látrabjargi. Staðsetning hafbeitar er því einnig heppileg varðandi þetta atriði.

Ein meginforsenda hafbeitar á Islandi er bann við veiðum á laxi í sjó nema í örfáum undantekningatilfellum. Í nágrenni Súluár eru nokkrar netlagnir þ.e. á Kúludalsá og Kirkjubóli og einnig ósasvæði Langár. Þessar lagnir ættu þó ekki að valda teljandi afföllum.

3.4 NALÆGD VIÐ NATTÚRULEG VISTKERFI

Súluá fellur í Leirárvoga en í þetta ósasvæði falla margar ár og lækir sem fyrr greinir. Þar skiptir mestu máli Laxá í Leirársveit sem er gjöfuf laxveiðiá. Í seinni tíð hefir nokkuð verið fjallað um að fiskeldi, bæði hafbeit og sjókvíaeldi gæti skaðað náttúrulega laxastofna. Sérhver laxveiðiá hefur þannig sinn sérstaka laxastofn sem er aðlagður að kostum og göllum árinna. Vitað er að hafbeitarfiskur villist gjarnan meira en náttúrulegir stofnar og í sjókvíaeldi verður í framtíðinni notaður fiskur sem verður kynbættur fyrir eiginleika eins og hraðan vöxt. Því er nokkur hættu að náttúrulegir laxastofnar geti skaðast ef fiskur af öðrum uppruna villist upp í ána annað hvort úr hafbeit eða ef eldisfiskur sleppur úr kvíum og leitar upp í nálæga á. Ef slíkir fiskar ná að blandast náttúrulega stofninum getur það valdið skaða og m.a. komið raski á náttúruna og einnig skipta sjúkdómar hér máli. Ef stunda á hafbeit í Súluá er því skilyrði að stofn Laxár í Leirársveit yrði notaður til að forða hugsanlegum skaða, þ.e. ef lax úr Súluá villist upp í Laxá að hafbeitarfiskur yrði þá upprunninn úr þeirri á. Einnig er ljóst að hafbeit í Súluá verður varla stunduð nema með samþykki Veiðifélags Laxár í Leirársveit þar sem ós Súluár fellur undið veiðifélagið.

4. LOKAORÐ

Almennt séð tel ég að ytri skilyrði til hafbeitar við Súluá séu allgóð. Ef slíkt verkefni færi af stað yrði í fyrsta lagi að nota stofn Laxár í Leirársveit til hafbeitar og einungis sleppa litlu magni fyrstu árin áður en lagt er í verulega fjárfestingu og sjá hvernig endurheimtur þróast. Nauðsynlegt yrði einnig að merkja öll seiði sem sleppt yrði fyrstu árin m.a. til að athuga ratvísi og fá óbyggjandi tölur um endurheimtur.

5. HEIMILDIR

Arni Isaksson 1986. Hafbeitaraðstaða. Helstu forsendur.
VMST-R/86002.